

## Að kunna vort mál að ráða

### *Frá rúnum til latínulesturs*

Allir uppalendur þekkja hvílik þáttaskil verða í lífi barns þegar það uppgötvar að það getur lesið. Áður óþekkt tákni fá skyndilega líf og merkingu, allur heimurinn verður sem nýr. Allt tiltækt lesefni er lesið, skilti sem farið er fram hjá, umbúðir jafnt sem bækur. Áður voru einungis „lesnar“ myndir í myndskreyttum bókum en þegar valdi hefur verið náð á þessari nýju þekkingu hafa bókstafirnir einnig sögur að segja.

Barnið sem lærir að lesa er að ganga í gegnum jafn róttækar breytingar og samfélög, sem hverfa frá ólæsi til læsis, hafa gert öldum saman. Á síðustu árum hafa miklar rannsóknir verið gerðar á sögu læsis og læsi á miðöldum. Það er athyglisvert að einn helsti sérfræðingurinn í þessu efni, breski sagnfræðingurinn Rosamond McKitterick, þakkar ungri dóttur sinni fyrir að hafa gefið sér innsýn í lestrar-nám í formála bókar sinnar um Karlunga og ritmálið. Bók hennar fjallar um notkun hins ritaða orðs í Frankaríki frá níundu öld og fram yfir 1000. Hún kannar dreifingu skjala og annars ritaðs efnis og niðurstaða hennar er sú að læsi hafi verið útbreiddara meðal leikmanna en áður hafði verið talið.

Ritmenning kemur því til leiðar að orðin, sem áður voru aðeins sögð og heyrð, verða sýnileg. Latínulestur, lestur og bækur voru meðal helstu menningaráhrifa sem bárust með kristninni. Ari fróði greinir frá því í *Íslendingabók* (1122–1133) að kristnir menn, írskir, hafi verið fyrir í landinu þegar Norðmenn námu land:

Þá voru hér menn kristnir, þeir er Norðmenn kalla papa en þeir fóru síðan á braut af því að þeir vildu eigi vera hér við heiðna menn, og létu eftir bækur írskar og bjöllur og bagla, af því mátti skilja að þeir voru menn írskir.<sup>1</sup>

<sup>1</sup> *Landnámabók* 1968, 5.

Bækur eru hér taldar meðal þeirra gripa sem einkenna kristna menningu. Í *Landnámu* er greint frá því að Patrekur biskup í Suðureyjum hafi sent Örlyg Hrappsson með „járnklukku, plenarium, og mold vígða til Íslands.“<sup>2</sup> *Plenarium* var bók sem á voru heilir biblíutextar, guðspjöll og pistlar.

Áður en kristin menning hélt innreið sína, með latneskt letur og bækur í farteskinu, var til annars konar letur fyrir, bæði á Norðurlöndum og á Bretlandseyjum. Þetta letur, rúnirnar, er í raun ekkert óþjálla letur en latneska letrið en það náði því ekki að verða neitt bókmenntaletur svo heitið gæti. Á rúnasteinum er þó oft um samfelldan texta að ræða og jafnvel kveðskap. Þar hefur letrið líka greinilegt skreytigildi. Það er oft sett upp í hringlaga og slaufulaga mynstur, og getur þess vegna reynst erfitt að lesa letrið í samhengi eins og því er fyrir komið á steinum. Þegar latínuletur kom til sögunnar var algengt víða að bókstafir væru notaðir til þess að skreyta ýmsa nytjamuni, áður en ritmenningin náði að festa rætur.

### *Læsi á miðöldum*

Fræðimenn hafa farið ólíkar leiðir í skýringum sínum á læsi einstaklings og samfélags á miðöldum. Allir eru þeir þó að fást við sömu spurningarnar: Hvert var mikilvægi læsis, hvenær og hvernig kom lestur við sögu, hverjir lásu, hver var tilgangurinn, hverjar voru afleiðingarnar fyrir samfélagið og hvaða vísbendingar höfum við um læsi? Menn virðast vera sammála um að læsi snúist ekki bara um það hverjir kunnu að lesa og skrifa, heldur hvaða hlutverki lestrarkunnáttan gegndi og hvernig hún hafi verið aðlöguð samfélaginu. Rannsóknir á læsi eru því þverfaglegar og hafa dregið að sér sagnfræðinga, bókmenntafræðinga, handritafræðinga, málfræðinga, þjóðfræðinga og mannfræðinga.

Þegar kanna á læsi í sögulegu ljósi verður fyrst að huga að skýrgreiningunni. Hjá flestum Evrópuþjóðum merkti hugtakið *litteratus*, læs, þann sem var latínulærður og bókmálið var latína, mál sem ekki var þjóðtunga. Það sem helst gerir ritun hér á landi frábrugðna ritun

<sup>2</sup> *Landnámabók* 1968, 52–53.

á meginlandinu er að hér er ritað á móðurmáli. Frá miðri tólftu öld og fram á byrjun fjórtándu aldar eru til fjórar ritgerðir um mál og mælskufræði. Í hinni fyrstu þeirra gerir höfundur grein fyrir þeirri ætlun sinni að gera Íslendingum stafróf, „til þess að hægra verði að rita og lesa.“<sup>3</sup> Með því kemur hann reglu á íslenskt ritmál, þar sem sýnt er hvernig hver stafur merkir ákveðið hljóð eða hljóðasamband. Hér á landi var bókagerð stunduð í klastrum eins og annars staðar, en lestrar- og skriftarkunnátta var nokkuð útbreidd hér utan klastra. Innan klausturmúranna var fleira ritað en beinlínis var nauðsynlegt vegna klaustursins sjálfs. Skrifað var eftir pöntunum frá öðrum kirkjulegum stofnunum, einstaklingum og til útflutnings.

Gera verður ráð fyrir mörgum kunnáttustigum í lestri og skrift. Lestur gat verið allt frá því að vera stautfær á einföld orð upp í að skilja flókinn heimspekilegan texta og njóta hans. Menntun til læsis hefur sjálfsagt alls staðar tekið tíma og sjá má vitnisburð um það í miðaldarritum. Í einni af þýddum jarteinasögum í *Maríu sögu* er frásögn sem ber yfirskriftina „Frá presti er ekki kunni á bók.“ Þar segir frá fákunnandi presti sem reynir að fela vankunnáttu sína með því að syngja lágt. Þegar stórhátíð gengur í garð, og von er á miklum mannfjölda til kirkju, heitir hann á Maríu guðsmóður sér til fulltingis og „án dvöl er hann vel lærður bæði til skilnings og tíðagerðar.“<sup>4</sup>

Nú á dögum tengjum við óhikað saman kunnáttu í lestri og skrift, okkur finnst óhugsandi að læs maður kunni ekki að skrifa. Á miðöldum var þetta tvennt þó aðgreint og talið er að aðeins hluti þeirra sem voru læsir á miðöldum hafi líka verið skrifandi. Það er erfiðara að ná valdi á skrift en lestri og þar eru kunnáttustigin einnig mörg, frá því að afrita texta á eigin tungumáli upp í að semja texta á eigin tungumáli eða snúa úr einu máli yfir á annað.

Mikilvægi læsis er ekki einungis fólgið í færni einstaklingsins, áhrif lestrar á mannleg samskipti gegna miklu máli. Viðtaka lestrar krefst ekki nauðsynlega læsis. Lestur og læsi þjóna margvíslegum tilgangi á miðöldum og snerta óbeint alla þegna samfélagsins, líka þá sem einungis sjá og hlusta. Algengast var á miðöldum að lesið væri upphátt,

<sup>3</sup> *The First Grammatical Treatise* 1972, 208.

<sup>4</sup> *Maríukver* 1996, 208.

hvort sem lesið var fyrir áheyrendur eða í einrúmi. Sá sem las var því í senn flytjandi efnis og lesandi.

Nú á dögum er oft talað um að höfundar eða bækur eigi sér lesendahóp. En svonefndur lesendahópur er ekki hópur sem nýtur lestrarins í sameiningu, hver og einn er út af fyrir sig með sína bók sem hann les einn. Á miðöldum tíðkaðist einnig lestur í einrúmi en ekki var óalgengara að ein bók þjónaði mörgum í senn á þann hátt að einn læsi upp og hinir hlustuðu. Brian Stock hefur fjallað um félagslegt hlutverk læsis á miðöldum og kallar *textasamfélag* (*textual community*) hóp manna sem kemur sér saman um viðtöku og skilning á texta. Nægilegt var að einn maður væri læs í hverju textasamfélagi, hinir, sem voru illa læsir eða ólæsir gátu notið textans með því að hlýða á upplestur, meðtaka hann og hugleiða. Hinn læsi gat í krafti kunnáttu sinnar miðlað öðrum, ýmist beint af bók eða eftir minni. Textinn gat haft áhrif á hugsunarhátt og breytni alls textasamfélagsins þó að aðeins einn væri læs innan þess.<sup>5</sup>

Ólæs börn geta notið texta með sama hætti. Textinn er lesinn fyrir þau og þegar vel er á málum haldið eru þau hvött til spurninga og samtala. Slík „textasamfélög“ eru í leikskólum nútímans, í þeim tilgangi að örva málþroska og skilning barnanna um leið og vakinn er áhugi á bókum og lestri.

### *Lestur og trúrækni*

Lestur og önnur bókleg iðja gegndu mikilvægu hlutverki í klaustrum miðalda. Í reglu heilags Benedikts er kveðið svo á um að munkar og nunnur skuli hlýða á upplestur meðan setið er undir bordum. Einnig átti að lesa á daginn milli þess sem öðrum verkum var sinnt og síðan átti hver og einn að lesa í einrúmi á kvöldin. Á lönguföstu var skylt að lesa eina heila bók.

Munkarnir skrifuðu bækur og varðveittu í bókasafni klaustursins, lásu og kenndu hinum yngri að lesa á þær og skrifa eftir þeim.

Það er athyglisvert að lestur og skrift er talið jafngilda líkamlegri vinnu: *ora et labora*, að biðja og iðja, voru undirstöðuatriði munk-

<sup>5</sup> Stock 1983 og 1990.

lífisins. Lesturinn var líkamleg vinna því við hann nægði ekki að nota aðeins augun, heldur einnig varir, tungu og háls. Lesandinn bar orðin fram og las upphátt. Það sem hann nam reyndi því ekki síður á heyrnarminni en sjónminni. Lesturinn var því oft kallaður *ruminatio*, sem merkir að orðin væru tuggin, þeirra skyldi neytt eins og kjarngóðrar fæðu. Lesturinn var um leið hugleiðsla þar sem hvert orð skyldi vegið og metið. Í *Jóns þætti Halldórssonar* (14. öld) er skemmtileg dæmisaga um lestur og lesskilning. Jón, sem síðar varð biskup í Skálholti (1322–1339), var við nám í París þegar hann var „ungur og lítið skiljandi hjá því sem síðar.“<sup>6</sup> Dag einn bregður skólameistari sér frá og skilur stóra bók eftir opna. Jón verður forvitinn, gengur að bókinni og fer að lesa. Um leið brestur á stormur svo húsið virðist ætla að fjúka um koll. Þegar meistarinn kemur til baka áttar hann sig á því að einhver hefur rjálað við bókina í leyfisleysi. Eftir að Jón hefur gefið sig fram segir meistarinn: „líkna mun eg þér, Jón,“ sagði hann, „en þó skaltu hafa augu fyrir þér hvað þú kannt að lesa meðan þú skilur eigi betur.“ Síðan gengur meistarinn að bókinni og storminn lægir um leið og hann, sem hefur öðlast réttan skilning, byrjar lesturinn. Í lokaorðum sögunnar hefur Jón Halldórsson orðið: „Má af slíku marka,“ sagði biskupinn, „hverjar listir lifa í bókunum, þótt heimurinn gerist gamall.“<sup>7</sup>

### *Lestrarkennsla á miðöldum*

Lítið sem ekkert er vitað um barnafræðslu á Íslandi fyrir siðskipti. Líklegt má telja að trúboðsbiskupar hafi kennt prestum á fyrstu árum kristninnar í landinu. Ísleifur biskup í Skálholti (1058–1080) hafði á hendi kennslu þar og má ætla að hann hafi kennt helstu undirstöðuatriði prestsmenntunar. Þegar Gissur, sonur Ísleifs, varð biskup eftir hann fékk íslenska kirkjan fastan biskupsstól. Þá hefur það komið í hlut Gissurar að mennta presta. Einnig er talið að Teitur Ísleifsson hafi sinnt kennslu í Haukadalei og í Odda annaðist Sæmundur fróði kennslu. Ísleifur biskup var frumkvöðull í íslensku skólalæddum og

<sup>6</sup> *Byskupa sögur* II 1953, 462.

<sup>7</sup> *Byskupa sögur* II 1953, 463.

höfðu helstu kirkjunnar menn á síðari hluta 11. aldar og öndverðri 12. öld numið hjá honum. Sjálfur nam hann í nunnuklaustrinu í Herfurðu (Herford) á Saxlandi. Skólahald var fyrst og fremst í tengslum við dómkirkjur og klaustur, en einnig var það til að prestar kenndu mönnum utan eiginlegra skóla. Menntun presta hefur einkum farið fram við biskupsstólana á Hólum og í Skálholti, en um barnafræðslu hafa séð einstakir menn utan klausturs eða innan.

Almennt var að börn lærðu að lesa á saltarann, sem var bók með *Davíðssálmunum* og Biblían var undirstaða allra mennta á bók. Í *Þorláks sögu* er frá því greint að Þorlákur helgi hafi lært fyrst á saltara: „Hann nam psaltara áðr en sundrskilja yrði börn móður hans ok fôður, en lítit hafði hann bóknám annat í fyrstu.“<sup>8</sup> Í *Laxdæla sögu* segir að Guðrún Ósvífursdóttir hafi gerst trúkona mikil og numið kvenna fyrst saltara á Íslandi.<sup>9</sup> Óvíst er hvort Guðrún hafi lært að lesa í raun og veru en höfundur *Laxdælu* er greinilega kunnugur þeim sið að saltarinn sé fyrsta lestrarbók þeirra sem læra á bók.

*Hungurvaka* er saga fimm fyrstu biskupanna í Skálholti og var hún rituð snemma á þrettánda öld. Þar kemur fram greinilegur áhugi höfundar á menntun og kennslu. Í formála segir á þessa leið:

Þat berr ok annat til þessa rits at teygja til þess unga menn at kynnsk *várt mál at ráða*, þat er á norrœnu er ritat, lög eða sögur eða mannfræði. Set ek af því heldr þetta á skrá en annan fróðleik, þann er áðr er á skrá settr, at mér sýnisk mínum börnum eða öðrum ungmennum vera í skyldasta lagi at vita þat eða forvitnask, hvernig eða með hverjum hætti at hér hefir magnask kristnin ok byskupsstólar settir verit hér á Íslandi, ok vita síðan hverir merkismenn þeir hafa verit byskuparnir er hér hafa verit ok ek ætla nú frá at segja.<sup>10</sup>

Ekki er ólíklegt að börnin sem hann talar um þar geti verið nemendur hans fremur en börn hans af holdi og blóði. Athyglisverður er sá áhugi sem hér kemur fram á mikilvægi innlendrar menntunar, á móðurmálinu. Höfundur segir oftast frá menntun einstakra biskupa og gerir sér far um að leggja sérstaka áherslu á lærdóm þeirra. Hann greinir frá

<sup>8</sup> *Biskupa sögur* II 2002, 48.

<sup>9</sup> *Laxdæla saga* 1934, 223.

<sup>10</sup> *Biskupa sögur* II 2002, 3–4.

því að Ísleifur hafi snúið heim frá Herfurðu „prestur ok vel lærður“ og lýsir honum sem kennara: „Margir menn seldu honum sonu sína til læringar, ok váru þeir síðan góðir kennimenn, en tveir urðu byskupar: Kolr í Vík austr í Nóregi ok Jón byskup at Hólum.“<sup>11</sup>

Einnig er greint frá menntun Gissurar á Saxlandi og Þorláks Runólfs-sonar í Haukadal. Um Þorlák segir einnig svo: „Hann tók marga menn til læringar, ok urðu þeir síðan góðir kennimenn, ok í mörgu efldi hann kristnina á Íslandi.“<sup>12</sup> Þannig greinir hann frá hlutdeild allra biskupanna í mennta- og lærdómsstarfi. Í *Jóns sögu helga* er frá því greint að hann hafi stofnað skóla á Hólum. Eftirfarandi frásögn úr *Jóns sögu* er ætlað að sýna góða menntun Jóns og hversu vel hann hafi lesið:

[E]n prestr sá er syngja skyldi messuna hóf upp at lesa *passio* [þ.e. píslar-söguna] í því er inn helgi Jón kom í kirkjuna. En honum gekk lestrinn seint ok tregliga, en mǫnnum þótti þungt og hǫfugt at hlýða, þeim er hjá stóðu. En er inn helgi Jón fann þat at prestrinn var næsta gǫrr at fyrirsjón af mǫnnum [þ.e. að presturinn var að verða að athlægi], þá leggr inn helgi Jón stólu yfir herðar sér ok gengr at prestinum ok tók bókina ór hendi honum með lítillæti ok las *passiona* svá skǫruliga ok skynsamliga er allir undruðusk þeir er við váru staddir.<sup>13</sup>

Gunnlaugur Leifsson munkur ritaði fyrst sögu Jóns á latínu. Líklega hefur hann ritað sögu sína um 1200, um sama leyti og helgi Jóns var lögtekin á alþingi. Þrjár gerðir eru til af sögu Jóns helga á móðurmáliinu, en aðeins tvær þeirra (A- og B-gerð) eru aðgengilegar í útgáfum. Í báðum þeirra er greint frá skólahaldi Jóns á Hólum en frásögnin er ítarlegri í lengri og yngri gerðinni, sem talin er frá fjórtánu öld. Líklega er lýsingin á skólahaldinu í aðalatriðum trúverðug en óneitanlega ber hún einnig keim af erlendum helgisögum þegar þær segja frá fyrirmyndarklausturlífi.

Hér mátti sjá um öll hús biskupsstólsins mikla iðn og athöfn. Sumir lásu heilagar ritningar, sumir rituðu, sumir sungu, sumir námu, sumir kenndu.

<sup>11</sup> *Biskupa sögur* II 2002, 9.

<sup>12</sup> *Biskupa sögur* II 2002, 24.

<sup>13</sup> *Biskupa sögur* I 2003, 185.

Engi var öfund þeirra í millum eða sundurþykki, engi ágangur eða þrætni, hver vildi annan sér meira háttar.<sup>14</sup>

Jón fékk erlenda menn til kennslustarfa á Hólum. Gísli Finnsson frá Gautlandi kenndi latínu, og sagan segir hann hafa verið „hinn snjallasta túlk guðlegra ritninga.“<sup>15</sup> Þetta gefur til kynna að Gísli hafi verið vel að sér í lestri og túlkun Biblíunnar. Að kunna skil á merkingarsviðum hennar var einn liður lestrarkunnáttu á miðöldum. Merkingarsviðin voru fjögur talsins: *historia* eða bókstafleg merking, *allegoria* eða dulin merking, *tropologia*, eða siðferðileg merking og *anagogia* eða andleg merking.

Rikini var franskur eða frakkneskur aðstoðarprestur Jóns og kenndi sönglist og versgerð. Sagan segir að allir helstu kennimenn í Norðlendingafjórðungi hafi stundað nám á Hólum. *Laurentius saga* lýsir skólalaldi á Hólum tveimur öldum síðar og svipar lýsingunum til *Jóns sögu*.

#### *Margt varð af námsbókum numið*

Heimildir um skólabækur eru rýrar en þó virðist mega draga þá ályktun af þeim að helstu skólabækur, sem notaðar voru í Evrópu á miðöldum, hafi þekkt hér á landi. Skólabækur voru ýmist latínurít eða biblíuskýringar. Sverrir Tómasson hefur bent á að þýðingar klassískra latneskra rita, á borð við þýðingu Brands Jónssonar á *Alexanders sögu*, hafi verið ætlaðar skólum, en Brandur Jónsson var einmitt skólameistari. Af *Jóns sögu* má ráða að prestlingar hafi laumast til þess að lesa aðrar bækur en þær sem tilheyrðu náminu. Eftirfarandi saga er sögð af Klængi Þorsteinssyni, síðar biskupi í Skálholti:

Það er sagt ífrá at hann kom á hljóð [þ.e. hafði spurnir af] at Kløngr Þorsteinsson, sá er síðar varð byskup í Skálaholti, en var þá prestlingr ok ungr at aldri, las bók þá er kǫlluð er *Ovidius Epistolarum*. Í þeiri bók býr mansǫngr mikill. En hann bannaði honum at lesa þess konar bækr ok kallaði þó hverjum manni mundi ǫerit hǫfugt at gæta sín við líkam-

<sup>14</sup> *Byskupa sögur* II 1953, 42.

<sup>15</sup> *Byskupa sögur* II 1953, 35.



ligri munúð ok rangri ást, þó at hann kveykti eigi upp hug sinn til þess með né einum siðum eða þess konar kvæðum.<sup>16</sup>

Hér er varað við bók Óvíðs um ástarlistina og höfundur óttast að slík lesning geti spillt æskulýðnum. Allt aðra umfjöllun fær sama bók í riddarasögunni *Flóres sögu og Blankiflúr* sem þýdd var úr frönsku á þrettánda öld. Þar segir frá börnunum Flóres og Blankiflúr, uppvesti þeirra og ástum.

Flóres var heiðinn konungssonur en Blankiflúr dóttir kristinnar ambáttar drottningarinnar. Börnin uxu upp saman og voru mjög samrýmd. Þegar Flóres hefur aldur til er honum fenginn besti kennari sem völ var á til þess að hann gæti numið „þá bók er heitir *grammaticam*.“<sup>17</sup> En Flóres getur ekki hugsað sér að byrja á bóknáminu nema Blankiflúr fái líka að læra:

Lát Blánkiflúr nema með mér, því að eg fæ eigi numið nema hún nemi með mér, og engan lærdóm fæ eg numið ef eg sé eigi hana.<sup>18</sup>

Bóknámið skipar svo stóran sess í lífi þeirra Flóres og Blankiflúr að þau uppgötva af bók að þau eru orðin ástfangin:

En er þau höfðu aldur til og náttúru, þá tóku þau að elskast af réttari ást. En þau námu þá bók, er heitir Óvidíus de arte amandi, en hún er gerð af ást og þótti þeim mikil skemmtan og gleði af því að þau fundu þar með sína ást.<sup>19</sup>

Mikil virðing fyrir bókum og bóknámi kemur víða fram í riddarasögunum. Samkvæmt *Flóres sögu og Blankiflúr* virðist bóknámið fyrst hafa verið einungis ætlað konungssyninum Flóresi og erfitt að sjá hvort Blankiflúr átti að verða útundan vegna þess að hún var af lágum stigum eða vegna kynferðis. En stúlkan fær að læra á bók og stendur sig jafnvel og pilturinn í náminu. *Flóres saga og Blankiflúr* er þýdd saga en í frumsömdum íslenskum riddarasögum kemur fram svipað viðhorf til bóka og mennta. Söguhetjurnar eru góðum gáfum gæddar og á það jafnt við um pilta og stúlkur. Í *Rémundar sögu keisarasonar*

<sup>16</sup> *Biskupa sögur* I 2003, 211–212.

<sup>17</sup> *Riddarasögur* IV 1949–1954, 143.

<sup>18</sup> *Riddarasögur* IV 1949–1954, 143.

<sup>19</sup> *Riddarasögur* IV 1949–1954, 143–144.

er söguhetjunni lýst á þessa leið: „Þegar á unga aldri var hann til bækur settur og nam mikinn klerkdóm með mörgum listum. Hann kunni og margar tungur að tala sem hann sjálfur af sinni visku hafði numið.“<sup>20</sup> Mærin Nítíða í *Nítíða sögu* er einnig vel menntuð: „Hún var svo búin að viti sem hinn fróðasti klerkur.“<sup>21</sup>

Í *Þorláks sögu* (elsta gerð rituð um 1200) er frá því greint að Þorlákur hafi fengið hefðbundna skólamenntun sína í Odda en svo virðist sem hann hafi hlotið annars konar menntun hjá móður sinni.

Sú var þá hans iðja er hann var á ungum aldri at hann var löngrum at bóknámi, en at riti optliga, á bœnum þess í millum, en nam þá er eigi dvaldi annat þat er móðir hans kunni kenna honum, ættvísi ok mannfæði.<sup>22</sup>

Námið í Odda var bóknám en þjóðleg fræði móðurinnar hefur Þorlákur numið af vörum hennar. Líklegt má telja að það hafi oft verið hlutverk kvenna að halda til haga þjóðlegum fróðleik, um ætt og uppruna og miðla ungu kynslóðinni. Í *Íslendingabók* vitnar Ari fróði til Þuríðar Snorradóttur goða sem heimildarmanns og að hans sögn var hún bæði „margspök og óljúgfróð.“<sup>23</sup>

Í lítilli jartheinasögu í einni af yngri gerðum *Þorláks sögu* er sagt frá annarskonar menntakonu en ólæsu fróðleikskonunum sem hefur verið greint frá. Jartheinasagan segir frá bókhneigðri nunnu, systur Katrínu, á Þverá, sem fékk „svo mikinn augnakrankleika að hún mátti sér ekki við heilagra bóka lestur skemmta.“<sup>24</sup> Hún hét á Þorlák og fékk þá bót meina sinna og hefur þá getað haldið áfram að lesa. Systir Katrín var vígð abbadís í Reynisnesi 1298 eða 1299. Sem abbadís hefur hún væntanlega lesið fyrir systurnar í klaustri sínu.

Hvergi er bóklegri menntun kvenna á miðöldum lýst jafnvel og í *Jóns sögu*. Í yngri gerð sögunnar, sem talin er frá fjórtándu öld, er þessi frásögn af ungri stúlku:

<sup>20</sup> *Riddarasögur* V 1949–1954, 164.

<sup>21</sup> *Late Medieval Icelandic Romances* V 1962–1965, 4.

<sup>22</sup> *Biskupa sögur* II 2002, 50–51.

<sup>23</sup> *Landnámabók* 1968, 1, 4.

<sup>24</sup> *Biskupa sögur* II 2002, 262.

Þar var ok í fræðinæmi hreinferðug jungfrú er Ingunn hét. Engum þessum var hon lægri í sögðum bóklitum. Kenndi hún mörgum *grammaticam* (þ.e. málfræði) og fræddi hvern er nema vildi. Urðu því margir vel menntir undir hennar hendi. Hún rétti mjök látínuböck svá at hon lét lesa fyrir sér, en hon sjálf saumaði, teflði eða <vann> aðrar hannyrðir með heilagra manna sögum, kynnandi mönnum Guðs dýrð eigi at eins með orðum munnnáms heldr ok með verkum handanna.<sup>25</sup>

Ingunni er lýst sem kristinni menntakonu og gæti lýsingin bæði átt við nunnu og aðalskonu. En Ingunn er ekki eina menntakonan á Hólum sem *Jóns saga* segir frá. Þar kemur við sögu ung stúlka, Hildur, sem þráir að verða nunna. Hún mætir andstöðu í fyrstu en gefst ekki upp og fær vilja sínum framgengt. Jón biskup lét gera henni einsetukofa sunnan við kór dómkirkjunnar. Um Hildi segir: „Hon lærði siðlátar konur, þær er kómu til hennar í hljóði. Hon fóstraði ok snauðan svein, þann er Ketill byskup veitti, er Þórólfr hét, ok kenndi honum psaltara.“<sup>26</sup> Ekki er unnt að sjá hvað það var sem hún kenndi konunum en svo virðist sem hún hafi kennt piltinum að lesa.

Á það hefur verið bent að konur hafi látið meira til sín taka við miðlun menningar og arfleifðar meðan munnleg menning var við lýði. Skýringin á því er eflaust sú að karlar höfðu fremur aðgang að bóklegu menntuninni sem kirkjan veitti. Þess vegna er athyglisvert að *Jóns saga* skuli gera svo mikið úr þætti kvenna í bókmenningu. Ef til vill má draga þá ályktun af sögunni að þar sé verið að benda konum á að þeim geti opnast leið að bókmenningunni ef þær kjósa að helga sig kirkjunni. Hlutverk hinnar nýju menntakonu sem þar er lýst er ólíkt lífi fróðleikskvennanna Höllu, móður Þorláks biskups, og Þuríðar Snorradóttur. En Ingunn og Hildur á Hólum stunda báðar kennslu og söguhöfundur leggur með því áherslu á það að menntun ungmenna geti verið í höndum kvenna, einnig eftir að bókin er komin til sögunnar.

<sup>25</sup> *Biskupa sögur* I 2003, 219–220.

<sup>26</sup> *Biskupa sögur* I 2003, 253.

*Heimildir*

- Ásdís Egilsdóttir. 1994. „Mannfræði Höllu biskupsmóður.“ Í *Sagnaþing helgað Jónasi Kristjánssyni sjötugum 10. apríl 1994*, ritnefnd Gísli Sigurðsson, Guðrún Kvaran og Sigurgeir Steingrímsson, 11–18. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag. [Einnig í þessu riti, bls. 262–270.]
- Burrow, J.A. 1982. *Medieval Writers and Their Work. Middle English Literature and its Background 1100–1500*. Oxford: Oxford University Press.
- Biskupa sögur* I. 2003. Edited by Sigurgeir Steingrímsson, Ólafur Halldórsson and Peter Foote. Íslenzk fornrit 15. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Biskupa sögur* II. 2002. Útg. Ásdís Egilsdóttir. Íslenzk fornrit 16. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Byskupa sögur* I–III. 1953. Útg. Guðni Jónsson. Reykjavík: Íslendingasagnaútgáfan.
- Einar Ólafur Sveinsson. 1944. „Lestrarkunnátta Íslendinga í fornöld.“ *Skírnir* 118:173–197.
- Gísli Sigurðsson. 1994. „Bók í stað lögsögumanns.“ Í *Sagnaþing helgað Jónasi Kristjánssyni sjötugum 10. apríl 1994*, ritnefnd Gísli Sigurðsson, Guðrún Kvaran og Sigurgeir Steingrímsson, 207–232. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Graff, Harvey J. 1987. *The Legacy of Literacy. Continuities and Contradictions in Western Culture and Society*. Bloomington: Indiana University Press.
- Green, D.H. 1994. *Medieval Listening and Reading*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Helga Kress. 1993. *Máttugar meyar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Landnámabók*. 1968. Í *Íslendingabók, Landnámabók*, útg. Jakob Benediktsson, 31–397. Íslenzk fornrit 1. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Laxdæla saga*. 1934. Útg. Einar Ólafur Sveinsson. Íslenzk fornrit 5. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Late Medieval Icelandic Romances*. 1962–1965. Útg. Agnete Loth. Editiones Arnarnæ. Series B, 20–24. Kaupmannahöfn: Stofnun Árna Magnússonar.
- Leclercq, Jean. 1982. *The Love of Learning and the Desire for God. A Study of Monastic Culture*. New York: Fordham University Press.
- Mariúkver. Sögur og kvæði af heilagri guðsmóður frá fyrri tíð*. 1996. Útg. Ásdís Egilsdóttir, Gunnar Harðarson og Svanhildur Óskarsdóttir Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- McKitterick, Rosamond. 1989. *The Carolingians and the Written Word*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Mundal, Else. 1985. „Tradisjonsberarar og utøvarar av munnleg dikting.“ Í *Kvinnenes kulturhistorie* I, ritstj. Kari Vogt o.fl., 150–156. Oslo: Universitetsforlaget.
- Ong, Walter J. 1982. *Orality and Literacy. The Technologizing of the Word*. London: Methuen.
- Riddarasögur* I–VI. 1949–1954. Útg. Bjarni Vilhjálmsson. Reykjavík: Íslendingasagnaútgáfan.
- Southern, Richard W. 1953. *The Making of the Middle Ages*. London: Hutchinson's University Library.

AÐ KUNNA VORT MÁL AÐ RÁÐA

- Stefán Karlsson. 1970. „Ritun Reykjarfjarðarbókar. Excursus. Bókagerð bænda.“ Í *Bibliotheca Arnarnagæana* XXX, *Opuscula iv*, 120–140. Kaupmannahöfn: Munksgaard.
- Stock, Brian. 1983. *The Implications of Literacy. Written Language and Models of Interpretation in the Eleventh and Twelfth Centuries*. Princeton: Princeton University Press.
- Stock, Brian. 1990. *Listening for the Text: On the Uses of the Past*. Baltimore: John Hopkins University Press.
- Sverrir Tómasson. 1988. *Formálar íslenskra sagnaritara á miðöldum. Rannsókn bókmenntahefðar*. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.
- The First Grammatical Treatise*. [Fyrsta málfræðiritgerðin]. 1972. Útg. Hreinn Benediktsson. Reykjavík: Institute of Nordic Linguistics.
- Torfi H. Tulinius. 1993. „Kynjasögur úr fortíð og framandi löndum.“ Í *Íslensk bókmenntasaga* II, ritstj. Vésteinn Ólason, 167–245. Reykjavík: Mál og menning.
- Þrjár þýðingar lærðar frá miðöldum: Elucidarius. Um kostu og löstu, Um festarfé sálarinnar*. 1989. Útg. Gunnar Ágúst Harðarson. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.